



Tilraunaborgir: Þrætt í gegnum þrengslin

Framvinduskýrsla





Tilraunaborgir: Þrætt í gegnum þrengslin

Framvinduskýrsla

Ágúst 2025

Gerð af Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands fyrir Reykjavíkurborg sem hluti af verkefninu *Tilraunaborgir: Þrætt í gegnum þrengslin*, sem fjármagnað var af NetZeroCities.



Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	3
2.	Starfshópur	3
3.	Samskipti og miðlun	4
3.1	Vefsíða verkefnisins.....	4
3.2	Ráðstefna NetZeroCities.....	4
3.3	Veggspjald SCORAI-ráðstefnunnar	5
4.	Rannsóknir og niðurstöður	7
4.1	Niðurstöður könnunar meðal almennings.....	7
4.2	Fjölskylduviðtöl	7
5.	Inngrip.....	8
5.1	Úrgangsflokkun í byggingum í eigu borgarinnar	8
5.2	Samhæfðar aðgerðir með starfshópi í Vatnsmýri	10
5.3	Sjálfbærar samgöngur meðal háskólanema	10
6.	Vinnustofur, heimsóknir og viðburðir	11
6.1	Vinnustofa með þátttakendum Loftslagsborgarsamnings	11
6.2	Vettvangsheimsókn frá vinabænum Jakobstad	12
6.3	Tilraunaborgir málþing	13
6.4	Dagur umhverfisfræðslu.....	14
6.5	Vettvangsheimsókn í Sorpu	16
7.	Næstu skref	16



1. Inngangur

Tilraunaborgir: Þrætt í gegnum þrengslin er samstarfsverkefni um rannsóknir og nýsköpun milli Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Verkefnið, sem fjallar um samgöngumynstur og áskoranir varðandi flokkun sorps hjá íbúum höfuðborgarsvæðisins, miðar að því að hraða samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og aðstoða við að ná því markmiði Reykjavíkurborgar að ná kolefnishlutleysi ekki síðar en árið 2030.

Verkefnið hófst í september 2024 og stendur yfir til ágúst 2026. Það er fjármagnað af NetZeroCities, sem tengir 112 „loftslagsborgir“ um alla Evrópu. Meira en helmingur af kolefnislosun í Reykjavík er vegna vegasamgangna og úrgangs. Til að bregðast við þessu mun verkefnið fela í sér prófun og innleiðingu á hagnýtum aðferðum, lausnum og þjónustu sem stuðla að grænni samgöngum og bættri flokkun úrgangs, sem hjálpar til við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

2. Starfshópur

Verkefnið *Tilraunaborgir: Þrætt í gegnum þrengslin* er leitt af Reykjavíkurborg. Verkefnastjóri er Ásdís Karen Waltersdóttir en Hrönn Hrafnisdóttir, deildarstjóri loftslagsmála á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, gegnir forystu varðandi stefnumótun verkefnisins.

Háskóli Íslands er akademískur samstarfsaðili og nýtur verkefnið góðs af öfluglu þverfaglegu samstarfi milli ólíkra deilda.

Prófessor Jukka Heinonen og nýdóttorinn Johanna Raudsepp frá umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands leiða vinnupakka 3, *Tengslanet valda, starfshátta og ákvarðanatöku*. Þeim til halds og trausts eru starfsmenn sem hafa lagt sitt af mörkum við rannsóknar- og þróunarverk meðan verkefnið hefur staðið yfir.

Hafdís Hanna Ægisdóttir, Ásdís Björk Gunnarsdóttir, Sólrún Sigurðardóttir og Lára Hrönn Hlynisdóttir hjá Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands leiða vinnupakka 6, *Samband: miðlun, samskipti og þekkingarskipti*, í samstarfi við Reykjavíkurborg.

Ole Martin Sandberg, nýdóttorinn við Siðfræðistofnun HÍ, Katrín Ólafsdóttir, dósent við Kennaradeild, og Auður Aðalsteinsdóttir, forstöðumaður Rannsóknarseturs Háskóla Íslands í Þingeyjarsveit, vinna með Reykjavíkurborg að Vinnupakka 2, Leiðir til heimsmyndunar: staðreyndir, skáldskapur og frásagnir.



3. Samskipti og miðlun

3.1 Vefsíða verkefnisins

Vefsíða hefur verið sett upp fyrir verkefnið og er hún aðgengileg á eftirfarandi slóð: <https://reykjavik.is/tilraunaborgir>

Vefsíðan þjónar sem miðlægur vettvangur til að miðla mikilvægum upplýsingum um verkefnið. Þar er að finna almenna lýsingu á verkefninu, reglulegar uppfærslur um framvindu, birtar niðurstöður og niðurstöðuskýrslur. Vefsíðan er stöðugt uppfærð til að tryggja gagnsæi og upplýsa hagsmunaaðila meðan verkefnið stendur yfir.

3.2 Ráðstefna NetZeroCities

Í maí 2025 tóku meðlimir verkefnahópsins þátt í ráðstefnu NetZeroCities sem var í Vilnús í Litáen. Reykjavíkurborg var boðið að deila reynslu sinni af samstarfsverki sem tvíburaborg með tveimur öðrum borgum. Þeirri reynslu er lýst á veggspjaldi (sjá Mynd 2) sem sýnir innsýn í lærdóm Reykjavíkur af samstarfinu hvernig vinnustaðir geta hvatt starfsfólk til að ferðast á sjálfbæran hátt til og frá vinnu, auk þess að lýsa næstu skrefum til að endurtaka þennan lærdóm.

Á ráðstefnunni hlaut Reykjavíkurborg einnig viðurkenningu fyrir Loftslagsborgarsamning við sérstaka athöfn (sjá Mynd 1).



Mynd 1. Fulltrúar Reykjavíkurborgar hljóta merki Loftslagsborgarsamnings og kynna veggspjald ráðstefnunnar.



**EU CITIES MISSION**
Twinning Learning Programme

**REYKJAVIK | TWIN CITY**

Population 138.772	Country Iceland
Timeline September 2023- May 2025	Climate target Carbon neutrality by 2030

JERUSALEM | SECOND TWIN CITY

LAHTI | PILOT CITY
Systemic change towards sustainable commuting in Lahti | Pilot Activity

#2 site visit with the Reykjavik (Twin City) transport team at their office

Funded by the European Union

Fewer cars - more stars:
How workplaces can motivate staff to commute sustainably



THE LEARNING JOURNEY



IN A NUTSHELL

We will replicate communication activities from Lahti – combining several of their pilot activities into one communication plan (a set of emails, information, events, lectures and other communication).

A communication plan will be made for organisations and companies in the city to motivate their staff and affiliated members to use sustainable transport modes. The plan will be piloted on a few organisations and then scaled up for more organisations to participate in. In addition, we will invite organisations to try other activities that worked well for Lahti.

Financial resources

- Pilot project: 11.000 EUR
- Possible investment from stakeholders

Human resources
The twinning group will combine forces with the AMIGOS project and another Pilot project to support implementation. In the AMIGOS project, there are 24 PMs left. In addition, we will possibly apply for a Horizon Europe project to carry out replication.

Mynd 2. Veggspjald ráðstefnunnar NetZeroCities.

3.3 Veggspjald SCORAI-ráðstefnunnar

Í apríl 2025 tóku meðlimir verkefnahópsins þátt í SCORAI-ráðstefnunni í Lundi í Svíþjóð. Á ráðstefnunni, sem fjallaði um sjálfbæra neyslu. Teymið kynnti veggspjald til að fjalla um verkefnið og frumniðurstöður spurningakönnunar (Mynd 3).



Piercing through the gridlocks: public participation towards a Net Zero City in Reykjavík, Iceland



Johanna Raudsepp (University of Iceland), Jukka Heinonen (University of Iceland),
Ásdís Karen Waltersdóttir (City of Reykjavík), Hrönn Hrafnadóttir (City of Reykjavík)


PROBLEM

Globally, cities are home to over half of the world's population. They are also hubs of consumption and emissions. Thus, cities have a responsibility to mitigate climate change in a substantial way. In the City of Reykjavík, Iceland, the transportation fleet is dominated by car use, although it is transitioning to electricity. Household waste management systems have been refigured, but implementation has been challenging. The circular economy is promoted to encourage climate-friendly and zero-emission practices. Nevertheless, GHG emissions of the city have been increasing overall. Attitudes, behaviours and habits are not well understood in the planning processes.

AIM


The pilot project aims to better understand people's current behaviours and attitudes related to transport and waste management, as well as understanding the barriers to change among the residents of the City of Reykjavík. Part of the project

involves civil engagement in planning processes by way of an online public participation GIS survey conducted in early 2025. The survey gathered about 1600 respondents. The results of the survey will be used to plan interventions to encourage more climate sustainable behaviours.




TRAVEL BEHAVIOUR

Car use is predominant in Reykjavík mobility. However, initial analyses reveal a considerable willingness to change from driving to public or active travel modes, with about a third of people who currently drive to work willing to change their mode. Main barriers for change are an unreliable and expensive bus network, which makes running errands challenging without a car. Open-ended questions indicate a strong disbelief in future changes, as changes in the transportation system have been slow and yielded no visible results to the public.



RECYCLING

The survey also mapped recycling habits among Reykjavík residents. Although most respondents are generally satisfied with the recycling system they have at home, some respondents indicated that it is a challenge to sort all the various categories at home due to lack of space. Over half of the respondents are to some extent dissatisfied with the frequency of trash collection in the city. Typical city-issued bins include paper, plastic, organic, and general waste. Anything in addition to that must be taken to a separate recycling station or collection point. Most respondents drive to those locations. New residents to Iceland also voiced concern about the system being complex and pointed to the lack of simple instructions.



KEY TAKEAWAYS

Public participation surveys offer great insights into both the current habits of residents but also to any barriers to changing their behaviour. They can be a valuable tool for cities to plan interventions. In the coming months, the data will be analysed in depth. Based on the results and stakeholder workshops, the City of Reykjavík will design and test interventions aimed at encouraging behavioral change.



Mynd 3. Veggspjald SCORAI-ráðstefnunnar á ensku.



4. Rannsóknir og niðurstöður

4.1 Niðurstöður könnunar meðal almennings

Sem hluti af verkefninu var gerð spurningakönnun meðal almennings til að fá innsýn í hegðun, viðhorf og hindranir íbúa varðandi sjálfbærni, sérstaklega á sviði samgangna og flokkun. Könnunin fór í loftið 10. febrúar 2025 og var opin í átta vikur. Alls bárust um 1.800 svör.

Könnunin náði yfir nokkur lykilþemu, svo sem samgöngu- og endurvinnsluhegðun, hindranir fyrir sjálfbærum valkostum, áhyggjur af loftslagsbreytingum, lífsánægju, félagslegan og lýðfræðilegan bakgrunn. Markmiðið könnunnar var nota niðurstöður til að móta stefnu verkefnisins með innsýn frá almenningi, en jafnframt að móta mögulegar lausnir til að styðja við breyttar venjur.

Niðurstöðurnar benda til nokkurra athyglisverðra þróunarpátta. Hvað varðar endurvinnslu sögðust langflestir svarenda, yfir 90%, endurvinnna reglulega helstu tegundir úrgangs á borð við plast, pappír og matarleifar. Enn hærra hlutfall endurvinnur skilaskyldar umbúðir, eða 97%. Ánægja með flokkunarkerfið heima við var í meðallagi en ánægja með tíðni sorphirðu var minni. Þær hindranir í vegi fyrir því að bæta flokkun sem oftast var nefnt tengdust innviðum, svo sem ófullnægjandi eða ekki nægjanlega margar ruslatunnur, plássleysi heima við og lágri tíðni sorphirðu. Minni, en þó verulegur, hluti svarenda nefndi skort á trausti á úrgangsfærlinu og ófullnægjandi aðgang að upplýsingum og leiðbeiningum.

Hvað varðar samgöngur er notkun einkabíla enn ríkjandi. Um 79% svarenda eiga bíl og 60% sögðust nota hann daglega. Þegar spurt var um aðalsamgöngumáta lýsti umtalsverður hluti núverandi ökumanna, um það bil þriðjungur, yfir vilja til að skipta yfir í almenningssamgöngur eða virka samgöngumáta. Þetta bendir til sóknarfæra til breyttrar hegðunar, að því tilskildu að hægt sé að bregðast við núverandi hindrunum. Af þessum hindrunum nefndu svarendur oftast langan ferðatíma með strætó, skort á beinum leiðum, erfiðleika við að sinna erindum eða skutla börnum, hátt fargjald og veðurskilyrði. Svipuð vandamál voru með virkar samgöngur, þar sem veður, fjarlægð og tímaskortur voru nefnd sem helstu takmarkandi þættir. Ánægja með almenningssamgöngukerfið var almennt lítil, sérstaklega meðal þeirra sem aka daglega.

Í heildina veita þessar frumniðurstöður gagnlegan grunn til að skilja núverandi hegðun og varpa ljósi á bæði tækifæri og áskoranir við að hvetja til breyttrar hegðunar með það að markmiði að ná kolefnishlutleysi.

4.2 Fjölskylduviðtöl

Verkefnið naut góðs af rannsóknasamstarfi dr. Auðar Magnðísar Auðardóttur, dósents við Háskóla Íslands, og dr. Utsa Mukherjee, dósents við Brunel-háskóla í London. Í sjálfstæðu verkefni tóku þau viðtöl við umhverfismeðvitaðar fjölskyldur sem búa á höfuðborgarsvæðinu og könnuðu viðhorf þeirra til meðal annars almenningssamgangna og sorphirðu. Þau hafa deilt



niðurstöðum sínum með starfshópnum, sem hefur greint þær til notkunar ásamt niðurstöðum könnunarinnar til að undirbúa áætlun um inngrip.

Rannsókn þeirra leiddi í ljós bæði hvata og hindranir fyrir sjálfbærri hegðun. Margir þátttakendur voru mjög áhugasamir um að nota aðrar samgöngur en bílinn, eins og hjólréiðar og almenningssamgöngur en stóðu frammi fyrir hindrunum eins og vanþróuðu neti almenningssamgangna, ótíðri þjónustu, takmörkuðu leiðarakerfi og menningarlegum fordómum sem tengdu það að eiga ekki bíl við fátækt. Þar af leiðandi tvinnuðu fjölskyldur oft gönguferðir, hjólréiðar og strætóferðir saman við bílnotkun í lengri ferðum eða í neyðartilvikum.

Varðandi sorphirðu voru þátttakendur nokkuð jákvæðir og kunnu að meta þjónustu sorphirðu borgarinnar og flokkunarstöðvar í nærumhverfinu en komust að því að aðgengi að stærri stöðvum væri erfitt fyrir fólk án bíls eða með skerta hreyfigetu. Algengasta áhyggjuefnið var þó vantraust á endurvinnsluferlinu, sem stafaði af fréttum um misstök og skort á gagnsæi, sem hélt aftur af íbúum sem voru minna áhugasamir.

5. Inngrip

5.1 Úrgangsflokkun í byggingum í eigu borgarinnar

Sem hluti af verkefninu var framkvæmt inngrip til að bæta flokkun úrgangs í byggingum sem Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur umsjón með. Inngripið fór fram 13. maí 2025 og beindist að því að skilja og bregðast við hindrunum íbúa til að flokka, sérstaklega meðal erlendra íbúa sem búa í íbúðarhúsnæði í eigu borgarinnar (Mynd 4).

Átakið beindist að íbúðarhúsnæði með íbúum af ólíkum uppruna þar sem vitað var að flokkun var takmörkuð. Fyrir inngripið staðfestu viðtöl og athuganir að það skorti viðeigandi flokkunaraðstöðu, aðeins voru tunnur fyrir almennt sorp tiltækar utandyrar og í flestum íbúðum skorti sorpílát innandyrar. Þrátt fyrir þessar takmarkanir lýstu íbúar miklum skilningi og vilja til að flokka sorp, sem bendir til góðra möguleika á jákvæðum breytingum.

Inngripið var samstarfsverkefni Umhverfis- og skipulagssviðs og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Tilraunaverkefnið var framkvæmt í fimm stigum: undirbúningi, viðtölum, gagnavinnslu, framkvæmd og mati. Á undirbúningsstiginu var safnað saman efni á borð við þýddar flokkunarleiðbeiningar, innanhússílát og pappírspoka fyrir lífrænan úrgang. Óformleg viðtöl við íbúa úr 18 íbúðum gáfu innsýn í venjur þeirra, hindranir sem þeir upplifðu og viðhorf til flokkunar.

Aðalviðburðurinn, sem kallaður var „Flokkunardagurinn“, var haldinn í íbúðarhúsnæðinu með góðri þátttöku. Á viðburðinum fóru saman verklegur lærdómur og þátttaka í samfélaginu. Íbúar fengu sorpílát til nota innandyrar, aðgang að nýjum ruslatunnum utandyrar og prentaðar leiðbeiningar á móðurmáli sínu. Flokkunarleikurinn var hannaður til að fræða á gagnvirkar og



fordómalausán hátt og hjálpaði til við að skýra hvað ætti heima í hverri tunnu. Þessu var fylgt eftir með garðhreinsun og samverustund.

Fyrstu niðurstöður eftir inngripið sýndu greinilegar framfarir. Kostnaður við sorphirðu, sem áður fól í sér þjónustu einkaaðila lækkaði niður í núll á tveimur vikum, markmið sem var upphaflega sett fyrir lok ársins 2025. Ánægja íbúa með sorphlokkunarkerfið jókst úr 50% fyrir inngripið í 85% innan fjögurra vikna. Magn blandaðs úrgangs minnkaði einnig hratt, úr 14 stórum tunnum á tveggja vikna fresti í aðeins þrjár, sem endurspeglar verulega breytingu á hegðun og framfarir í átt að markmiðinu um 60% minna rusl í blandaðan úrgang og bætta flokkun.

Helstu ályktanir sem dregnar hafa verið af inngripinu undirstrika mikilvægi fullnægjandi innviða, skýrra og aðgengilegra upplýsinga og hvatningu til stöðugar þátttöku. Íbúar lögðu áherslu á þörfina fyrir einfaldar flokkunarleiðbeiningar á nokkrum tungumálum og stöðugar áminningar um hvernig ætti að nálgast upplýsingar. Athyglisvert er að margir höfðu þegar byrjað að flokka úrgang þrátt fyrir skort á innviðum, sem undirstrikar sterkan undirliggjandi áhuga.

Inngripið bætti ekki aðeins flokkun úrgangs á tilraunasvæðinu heldur er einnig verðmæt fyrirmynd fyrir framtíðarstarf.



Mynd 4. Starfsfólk Reykjavíkurborgar á flokkunardegnum



5.2 Samhæfðar aðgerðir með starfshópi í Vatnsmýri

Reykjavíkurborg hefur unnið náið með fyrirtækjum og stofnunum á Vatnsmýrarsvæðinu um árabíl að því að takast á við áskoranir í samgöngum og styðja við sjálfbæra þróun. Þar sem um 20.000 manns ferðast til og frá Vatnsmýrinni virka daga og ný íbúðarbyggð er í uppbyggingu á svæðinu verður mikilvægara að draga úr bílapörf og bæta aðgengi að vistvænum samgöngumöguleikum.

Á grundvelli þessa langvarandi samstarfs var nýtt tilraunaverkefni þróað sem hluti af verkefninu *Tilraunaborgir: Þrætt í gegnum þrengslin*, stutt af samstarfsþrógramminu Tvíburaborgir. Í gegnum þrógrammið gekk Reykjavíkurborg til samstarfs við borgina Lahti í Finnlandi til að skiptast á þekkingu og reynslu af því að efla vistvænar samgönguvenjur. Lahti hafði gert ýmis tilraunaverkefni á vinnustöðum til að hvetja starfsfólk til að færa sig yfir í vistvænar samgöngur og nýtti Reykjavíkurborg reynslu Lahti í þessu tilraunaverkefni.

Í aðgerðaáætluninni var lögð áhersla á að endurtaka áhrifaríkustu aðgerðirnar sem komu fram í Lahti, einkum vinnustaðamiðaðar samskiptaaðferðir sem hafa áhrif á ferðahegðun starfsfólks. Lykilþáttur tilraunaverkefnisins er þróun og innleiðing á samskiptapakka sem er hannaður fyrir vinnustaði til innri nota. Þessi pakki inniheldur kynningarefni, leiðbeiningar um hvernig hægt er að styðja starfsfólk við að velja sjálfbærar samgöngur og tillögur um úrbætur á innviðum á vinnustað, svo sem aðstöðu fyrir hjól eða lánakerfi fyrir rafmagnshjól.

Til að auka áhrif samskiptapakkans var innleitt umbunarkerfi til að hvetja starfsfólk til að draga úr notkun einkabílsins og auka vistvænar samgöngur til og frá vinnu. Smáforrit sem fylgist með ferðum þátttakenda með GPS-gögnum er notað til að mæla árangur bæði umbunarkerfisins og samskiptaáætlunarinnar.

Áætlað er að framkvæma tilraunaverkefnið í október 2025 og er hún samhæfð í samstarfi við lykilhagsmunaaðila á Vatnsmýrarsvæðinu, þar á meðal nokkra af stærstu vinnustöðum í Reykjavík. Þessir hagsmunaaðilar taka virkan þátt í að skapa samskiptaefnið, prófa það og veita endurgjöf til aðlögunar og stækkunar í framtíðinni.

5.3 Sjálfbærar samgöngur meðal háskólanema

Tilraunaverkefni í samstarfi við nemendur Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík verður framkvæmd frá ágúst til október 2025. Notað verður smáforrit til að fylgjast með ferðahegðun þátttakenda með GPS-gögnum.

Markmið verkefnisins er að fækka bílferðum með einkabíl og auka hlutdeild vistvænna samgöngumáta meðal háskólanema. Til að ná þessu markmiði verður innleitt umbunarkerfi sem hvetur nemendur til að færa sig yfir í vistvæna samgöngukosti, sambærilegt og fyrir vinnustaði.

Ef niðurstöður sýna fram á að verðlaunakerfi geti stutt við breytingar á ferðavenjum með áhrifaríkum hætti hyggjast háskólarnir halda áfram með átakið og stækka það á næstu árum.



6. Vinnustofur, heimsóknir og viðburðir

6.1 Vinnustofa með þátttakendum Loftslagsborgarsamnings

Þann 18. mars 2025 var haldin vinnustofa sem hluti af Loftslagsborgarsamningi Reykjavíkur, þar sem saman komu 45 þátttakendur frá 18 fyrirtækjum og stofnunum sem höfðu skuldbundið sig til að styðja markmið borgarinnar um kolefnishlutleysi fyrir árið 2030 (sjá Mynd 5). Markmið vinnustofunnar var að bera kennsl á helstu hindranir, kanna hagnýtar lausnir og efla samstarf hagsmunaaðila með það að lokamarkmiði að ryðja brautina fyrir loftslagshlutleysi í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu.

Þátttakendum var skipt í fjóra þemahópa: Skipulag og orkuskipti; samgöngur; byggingar; og þróunartillögur (með áherslu á úrgangsstjórnun og ferðaþjónustu). Hverjum hópi var falið að ræða helstu áskoranirnar í vegi fyrir að ná markmiðum Loftslagsborgarsamnings, greina mögulegar lausnir og ígrunda hvernig efla mætti samstarfið í framtíðinni. Þar sem verkefnið beinist að samgöngum og meðhöndlun úrgangs verða helstu niðurstöður frá þessum geirum ræddar.

Í samgönguhópnum beindust umræður að mikilli einkabílapörf í borginni, ófullnægjandi möguleikum á almenningssamgöngum og skorti á fullnægjandi innviðum fyrir virka ferðamáta. Meðal lausna sem voru nefndar voru endurskoðun á bílastæðastefnu, úrbætur á almenningssamgöngum fyrir langtímaverkefni eins og Borgarlínu, hvatamyndun til samnýtingar og að gera hjólreiðar og göngu aðgengilegri og sýnilegri ferðamáta.

Þátttakendur í þróunartillöguhópnum bentu á áskoranir í innviðum varðandi flokkun úrgangs, lítið traust á endurvinnslukerfum, skort á virkum hvötum og mikla losun frá samgöngum í ferðaþjónustu. Lausnir beindust að því að auka gagnsæi og fræða almenning um meðhöndlun úrgangs, skapa virkt hvatakerfi, bæta aðgengi ferðamanna að almenningssamgöngum og innleiða einfaldar og ódýrar úrbætur, svo sem meiri sýnileika hjólaleiða í kerfum á borð við Google Maps.

Vinnustofunni lauk með sameiginlegri umræðu um framtíðarsamstarf. Þátttakendur undirstrikuðu mikilvægi sameiginlegrar ábyrgðar, öflugri samræmingar aðgerða í loftslagsmálum og bættra samskipta, sérstaklega á sviðum eins og úrgangsmeðhöndlun og innviðum. Kallað var eftir djarfari forystu og breiðari þátttöku til að ná til fjölbreyttari hóps hagsmunaaðila, með sérstakri áherslu á að fá yfirvöld til þátttöku. Viðburðurinn markaði mikilvægt skref í átt að því að byggja upp sameiginlegan skriðþunga og efla það samstarf sem nauðsynlegt er til að ná metnaðarfullum markmiðum Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum. Annar fundur verður haldinn með þátttakendum Loftslagsborgarsamnings í október 2025.



Mynd 5. Umræður í vinnustofum.

6.2 Vettvangsheimsókn frá vinabænum Jakobstad

Dagana 20.-21. maí 2025 var fyrsta vettvangsheimsóknin í Reykjavík frá tvíburaborginni, Jakobstad í Finnlandi. Markmið heimsóknarinnar var að efla samstarf borganna, miðla þekkingu og ýta undir gagnkvæman lærdóm.

Tveir fulltrúar frá Jakobstad, verkefnastjóri frá Tækniháskólanum í Tallinn, þrír þátttakendur frá Reykjavíkurborg og fimm frá Háskóla Íslands tóku formlega þátt í heimsókninni. Á tveimur dögum voru níu erindi haldin, heimsóknir farnar í Hellisheiðarvirkjun og Ráðhús Reykjavíkur, farið um borgina með leiðsögn og hugleiðingarvinnustofa haldin. Sjá Mynd 6 og Mynd 7.

Helstu markmið heimsóknarinnar voru að dýpka tengslin milli tvíburaborganna, fá innsýn í aðstæður og loftslagshlutleysisstefnu Reykjavíkurborgar og kanna stjórnar- og starfshætti við þátttöku hagsmunaaðila. Í heimsókninni var skerpt á áherslum þekkingarmiðlunar, greindar hugsanlegar hindranir fyrir miðlun og kortlagning viðeigandi hagsmunaaðila fyrir framtíðarsamstarf.



Mynd 6. Heimsóknir í Hellisheiðarvirkjun (til vinstri) og Alþingisgarðinn í Reykjavík (til hægri)



Mynd 7. Vinabæjafundir í Reykjavík

6.3 Tilraunaborgir málþing

Málþing um framgang og frumniðurstöður verkefnisins var haldið í Háskóla Íslands 11. ágúst 2025 (sjá Mynd 8). Þar kynnti verkefnateymi bráðabirgðaniðurstöður, ræddu áhrif og könnuðu tækifæri til að nýta niðurstöðurnar.



Málþingið hófst með því að Ásdís Karen Waltersdóttir frá Reykjavíkurborg kynnti verkefnið en að því loknu flutti Jóhanna Raudsepp frá Háskóla Íslands erindi um viðhorfskönnun verkefnisins. Victor Schlencker og Chloé Ruiz, starfsnemar í verkefninu frá ENTPE í Frakklandi, kynntu síðan greiningu sína á byggt á gögnum úr spurningakönnun um samgöngu- og endurvinnsluhegðun og hindranir í vegi fyrir breytingum. Á grundvelli þessara niðurstaðna lögðu þau fram tillögur sínar að aðgerðum sem Reykjavík gæti gripið til til að stefna í átt að loftslagshlutleysi.

Meðal tillagnanna var að endurhanna gatnakerfi miðborgarinnar til að gera einkabílaferðir krefjandi, innblásnar af fordæmi Houten í Hollandi. Með því að taka fyrir umferð gegnum miðbæinn frá einum stað til annars myndu almenningssamgöngur og virkar samgöngur öðlast verulegt þægindaforskot. Þau lögðu einnig til að tengja nýja almenningssamgöngukerfið við leigu á rafmagnshjólum til að bæta aðgengi, ásamt því að fækka bílastæðum í borginni samhliða aukinni notkun almenningssamgangna og virkra samgangna.

Málþinginu lauk með líflegum umræðum milli verkefnahópsins og þátttakenda um niðurstöður rannsóknarinnar og hvernig þær gætu verið grunnur að næstu skrefum verkefnisins og lagt af mörkum til vegferðar Reykjavíkur í átt að loftslagshlutleysi.



Mynd 8. Erindi á eins árs málþinginu

6.4 Dagur umhverfisfræðslu

Þann 18. ágúst 2025 var haldinn dagur sjálfbærnifræðslu fyrir grunnskólakennara í þremur hverfum í Reykjavík. Markmið viðburðarins var að auka vitund um sjálfbærni og samfélagsleg málefni og sýna um leið fjölbreyttar kennsluaðferðir sem byggjast á sköpunargáfu, gagnrýnni hugsun og virkri þátttöku nemenda.



Í erindinu var mikil áhersla lögð á samræður, hagnýt dæmi og kennarar hvattir til að gera sjálfbærni hluta af starfi sínu óháð námsgrein.

Skólastjórar sjö skóla ákváðu að hafa skyldumætingu á viðburðinn, sem hluta af skuldbindingu Reykjavíkurborgar um loftslagshlutleysi. Alls tóku 300 kennarar þátt, 100 frá hverju skólastigi, og voru erindin sniðin að mismunandi aldurshópum. Sjá Mynd 9 og Mynd 10.



Mynd 9. Fyrirlesarar á degi umhverfisfræðslu



Mynd 10. Kennarar á degi umhverfisfræðslu



6.5 Vettvangsheimsókn í Sorpu

Þann 5. nóvember 2024 heimsótti verkefnahópurinn Sorpu til að kynna sér starfsemina. Meðal annars var litast um í Góða hirðinum, nytjamarkaði með áherslu á endurnýtingu þar sem gefnir hlutir eru lagfærðir til endursölu og þar með stuðla að hringrásarnýtingu. Hópurinn heimsótti einnig móttökustöðina í Gufunesi, þar sem tekið er við heimilis- og fyrirtækjaúrgangi, og Gas- og jarðgerðarstöðina (GAJA) í Álfsnesi, þar sem molta og metan eru unnin úr lífrænum úrgangi. Heimsóknin veitti verðmæta innsýn í aðferðir til að draga úr úrgangi og endurnýta auðlindir í Reykjavík. Sjá Mynd 11.



Mynd 11. Heimsókn verkefnahópsins í Sorpu.

7. Næstu skref

Verkefninu verður haldið áfram til loka ágúst 2026. Á næstu mánuðum mun verkefnahópurinn halda áfram með yfirstandandi inngrip, vinna með niðurstöður könnunarinnar og skipuleggja og innleiða frekari tilraunaverkefni með því markmiði að draga hraðar úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum og úrgangi í borginni.

Einnig mun verkefnahópur funda með íbúum í Reykjavík til að auka innsýn í þau atriði sem komu fram í könnuninni, þar á meðal hindranir og þarfir sem þeir standa frammi fyrir við að tileinka sér umhverfisvænni hegðun. Þessar umræður munu hjálpa til við að móta síðari aðgerðir. Einnig verður haldin ráðstefna með þátttakendum í Loftslagsborgarsamningi Reykjavíkur í október.